

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 21. júní 2019.

Mál nr. 763/2018:

**Jakob Már Ásmundsson,**  
**Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir,**  
**Sigrún Arnardóttir og**  
**Sölvi Sveinbjörnsson**  
(Óskar Sigurðsson lögmaður,  
Gunnar Viðar lögmaður, 2. prófmál)  
**gegn**  
**Hafnarfjarðarkaupstað og**  
(Sigriður Kristinsdóttir lögmaður,  
Ívar Bragason lögmaður, 1. prófmál)  
**Gunnari Hjaltalín**  
(Pórólfur Jónsson lögmaður)

***Lykilorð***

*Skipulag. Sveitarfélög.*

***Útdráttur***

*J, G, SA og SS höfðuðu mál á hendur H og G og kröfðust ógildingar á tilgreindum ákvörðunum H um breytingar á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Hellubraut 5 og 7 og byggingarleyfi á þeim. Byggðu J, G, SA og SS meðal annars á því að ákvarðanir H hefðu ekki verið í samræmi við skilyrði sem Minjastofnun hefði sett samkvæmt lögum nr. 80/2012 og að við hinar umdeildu skipulagsbreytingar hefði ekki verið gætt ákvæða 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í dómi héraðsdóms kom fram að Minjastofnun hefði ekki haft heimild til þess að setja skilyrði um hvernig nýbyggingu á lóðunum yrði háttað. Í dómi Landsréttar var vísað til forsenda héraðsdóms. Taldi Landsréttur jafnframt að lögvarðir hagsmunir áfrýjenda af úrlausn málsins hefðu ekki fallið niður við það að hús sem áður stóð á lóðinni hefði verið rifið. Þá yrði að telja að H hefði verið heimilt samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að falla frá kynningu á tillögu að breytingu á deiliskipulaginu. Var niðurstaða héraðsdóms um sýknu H og G af kröfum J, G, SA og SS því staðfest.*

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Hervör Þorvaldsdóttir, Kristbjörg Stephensen og Ragnheiður Harðardóttir.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

Áfrýjendur skutu málinu upphaflega til Landsréttar 21. ágúst 2018. Ekki varð af fyrirhugaðri þingfestingu þess 10. október sama ár og áfrýjuðu þeir öðru sinni 11.

sama mánaðar. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 24. júlí 2018 í málínu nr. E-1091/2017.

- 2 Áfrýjendur krefjast þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að felld verði úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 9. nóvember 2016 um að samþykkja breytingu á deiliskipulaginu Suðurgata-Hamarsbraut frá 2011 fyrir lóðirnar Hellubraut 5 og 7 sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda 31. janúar 2017 og að felldar verði úr gildi ákvarðanir byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 23. ágúst 2017 um að samþykkja umsóknir um byggingarleyfi að Hellubraut 5 og 7. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Landsrétti.
- 3 Stefndi Hafnarfjarðarkaupstaður krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 4 Stefndi Gunnar Hjaltalín krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

#### **Niðurstaða**

- 5 Stefndi Hafnarfjarðarkaupstaður byggir kröfu sína um sýknu af dómkröfum áfrýjenda öðrum þræði á því að áfrýjendur hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti kom fram að húsið, sem áður stóð á lóðinni að Hellubraut 7, hafi nú verið rifið. Eftir sem áður verða áfrýjendur taldir hafa lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins en dómkröfur þeirra lúta sem áður greinir að því að felldar verði úr gildi nánar tilgreindar ákvarðanir stefnda Hafnarfjarðarkaupstaðar um breytingu á deiliskipulagi lóðanna að Hellubraut 5 og 7 og byggingarleyfi á þessum lóðum. Eru lögvarðir hagsmunir áfrýjenda af úrlausn þessara krafna enn til staðar þótt húsið standi ekki lengur á hlutaðeigandi lóð.
- 6 Fyrir liggur að sú tillaga um breytingu á deiliskipulagi Suðurgötu-Hamarsbrautar frá 2011 sem deilt er um í málínu var ekki kynnt íbúum sveitarfélagsins áður en hún var auglýst 6. júlí 2016. Þótt stefndi Hafnarfjarðarkaupstaður hafi farið með breytinguna eftir ákvæðum 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður að telja að stefnda hafi eins og á stóð verið heimilt að falla frá kynningu hennar eftir ákvæðum 4. mgr. 40. gr. sömu laga enda fólst ekki í henni frávik frá meginforsendum gildandi aðalskipulags.
- 7 Með þessum athugasemdum en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur með þeim hætti sem í dómsorði greinir.
- 8 Eftir úrslitum málsins verður áfrýjendum gert að greiða stefndu hvorum um sig óskipt málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti sem ákveðinn verður í einu lagi eins og í dómsorði greinir.

## **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Jakob Már Ásmundsson, Guðbjörg Hrönn Óskarsdóttir, Sigrún Arnardóttir og Sölvi Sveinbjörnsson, greiði stefndu, Hafnarfjarðarkaupstað og Gunnari Hjaltalín, hvorum um sig óskipt samtals 1.800.000 krónur í málskostnað fyrir héraðsdómi og Landsrétti.

Rétt endurrit staðfestir

Gjald: 900 kr.

